


# ÁRSSKÝRSLA 2023

AMNESTY  
INTERNATIONAL



# AMNESTY INTERNATIONAL STENDUR VÖRÐ UM MANNRÉTTINDI, RÉTTLÆTI, FRELSI OG REISN

Amnesty International er alþjóðleg mannréttindahreyfing rúmlega tíu milljóna einstaklinga í meira en 150 löndum.

Félögum misbýður þau mannréttindabrot sem eiga sér stað um heim allan en sameinast í von um betri heim þar sem sérhver einstaklingur nýtur mannréttinda sinna.

Hreyfingin leitar hvorki eftir né tekur við fjármagni til mannréttindarannsóknna frá ríkisstjórnnum eða stjórn málaflökkum og þannig er starf Amnesty International óháð trúarbrögðum, hagsmunum fyrirtækja og stjórn málastefnum. Amnesty International treystir eingöngu á frjáls framlög frá einstaklingum eins og þér til þess að tryggja hlutleysi hreyfingarinnar.

Í krafti alþjóðlegrar samstöðu vinnur hreyfingin að því að vernda fólk hvar sem er í heiminum, þar sem brotið er á mannréttindum, réttlæti, frelsi eða reisu. Starf samtakanna skilar raunverulegum árangri en á hverju ári fær fjöldi einstaklinga lausn sinna mála vegna þrýstings frá þúsundum aðgerðasinna. Lögum ríkja og háttarni yfirvalda hefur einnig verið breytt fyrir tilstuðlan starfs Amnesty International.

Amnesty International nýtur trausts samfélagsins og leita yfirvöld til samtakanna eftir áliti og athugasemdum við frumvörp til laga og tillögur til þingsályktunar sem deildin veitir fúslega þegar við á.



**TAKK FYRIR STUÐNINGINN**

Allt starf Amnesty International er  
fjármagnað og drifið áfram af  
einstaklingum eins og þér!

**Íslandsdeild Amnesty International**

# EFNISYFIRLIT

Amnesty International stendur vörð um mannréttindi, réttlæti, frelsi og reisu .....	2
Frá formanni .....	4
Fólkið á bak við starfið .....	5
Verkefni Íslandsdeildarinnar 2023 .....	6
Ísrael og Palestína .....	8
Mannréttindayfirlýsingin 75 ára .....	9
Aðgerðastarf, ungliðahreyfingin og mannréttindafræðsla .....	10
Þitt nafn bjargar lífi .....	11
Ályktanir og yfirlýsingar stjórnar á árinu .....	12
Þrýstingur á stjórnvöld, fjölmiðlar og samskipti .....	13
Fjáröflun .....	14
Myndir úr starfinu .....	14
Helstu tekjur og gjöld .....	15

# AMNESTY INTERNATIONAL, ÞAR SEM ÞITT NAFN SKIPTIR MÁLI

Það verður því miður að segjast að árið 2023 var litað af ófriði í heiminum. Óbreyttir borgarar létu lífið og þar af mikill fjöldi kvenna og barna. Stríðsástandið í Úkraínu virðist engan enda ætla að taka og í október var sá litli friður sem eftir var fyrir botni Miðjarðarhafs úti og hörmungar stigmögnuðust hratt. Herskáar aðgerðir Ísraels hers á Gaza hafa sýnt að raunveruleg hætta er á hópmorði. Amnesty International hefur ítrekað bent á að í stríði og hernámi gilda alþjóðleg lög og er ljóst að þau voru margbrotin á árinu.

Eitt af verkfærum Amnesty International er öflug rannsóknarvinna og hefur Íslandsdeildin unnið í samstarfi við alþjóðaskrifstofu samtakanna síðan 2022 að rannsókn um einangrunarvist fanga á Íslandi. Skýrslan kom út í febrúar og var svo fylgt eftir með lokuðu málþingi sem hagaðilar sátu. Strax í framhaldinu mátti merkja áhrif skýrslunnar, sem er til marks um að Amnesty International nýtur trausts í samfélaginu. Íslandsdeildin mun halda áfram að fylgja málinu eftir.

Tjáningarfrelsið hefur ætíð verið rauður þráður í starfi Amnesty International og er eitt helsta áhersluatriði hreyfingarinnar næstu árin. Íslandsdeildinni var falið af alþjóðaskrifstofunni að fylgja eftir og vekja athygli á brotum á tjáningarfrelsi í Tælandi, Íran og Níkaragva og ákvað deildin sjálf einnig að varpa ljósi á stöðuna í Venesúela. Í



**Eva Einarsdóttir, formaður  
Íslandsdeildar Amnesty International**

þessari vinnu felst að flytja fréttir af og upplýsa ráðafólk um stöðu tjáningarfrelsis í þessum löndum, safna undirskriftum og beita þrýstingi til breytinga.

Ég var svo lánsöm að sækja heimsþing Amnesty International í forsvari fyrir deildina á síðasta ári þar sem saman komu leiðtogar deilda samtakanna alls staðar að úr heiminum. Það var magnað að kynnast öllu þessu fólki sem starfar í þágu mannréttinda og margt við allt aðrar aðstæður en ég á að venjast. Um 30% þeirra hafa fengið líflátshótanir vegna starfa sinna. Samt halda þau ótrauð áfram. Þarna fékk ég beint í æð valdaskiptingu heimsins.

Formenn deilda í löndum fyrirverandi nýlendna vestrænna ríkja voru gagnrýnin á okkur í norðrinu, hinn vestræna heim. Okkur sem allt þykjumst vita best. Það var hollt.

Ég kynntist ágætlega formanni deildarinnar í Taívan en þar ríkir mjög óstöðugt stjórnarfar. Henni fannst eftirtektarvert hvað við frá Norðurlöndunum værum opin og leyfðum okkur að taka pláss. Hún ólst upp við aðstæður sem við getum átt erfitt með að samsama okkur. Hún sagði mér að í grunnskóla hefði hún verið nr. 27.

27? spurði ég. Já, kennararnir kölluðu börnin eftir númerum en ekki nafni. Svo fjölmenn þjóð undir oki valds svo að nöfn, orð og samtakamáttur verða veikari. Við erum kannski fámenn þjóð en í því felast tækifæri, tækifæri til að láta raddir okkar heyrast. Raddir okkar hafa vægi og leiða má líkum að því að í fámenninu eigum við auðveldara með að ná eyrum stjórnarálafólks og fjölmiðla. Í gegnum aðgerðastarf Amnesty International getur hver einstaklingur lagt sitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni fyrir betri heimi, því þitt nafn skiptir máli. Við þökkum allan stuðning á árinu og saman höldum við baráttunni áfram á komandi ári.

*Eva Einarsdóttir,  
formaður Íslandsdeildar Amnesty  
International*



## EGYPTALAND

Mohamed Baker mannréttindalögfræðingur var leystur úr haldi eftir 45 mánuði í geðþóttavardhaldi. Mál Mohameds var hluti af okkar árlegu og alþjóðlegu herferð, þitt nafn bjargar lífi, árið 2021. Mohamed Baker þakkar öllu stuðningsfólki Amnesty International. Hann mun aldrei gleyma þessum stuðningi sem hann fékk.



## TYRKLAND

Í júní 2023 voru Taner Kiliç og Idil Eser, formaður og fyrirverandi framkvæmdastjóri Amnesty International í Tyrklandi, loks sýknuð eftir að hafa verið sakfelld í júlí 2020. Amnesty International hefur lengi barist í máli þeirra þar sem sakfellingarnar voru af pólitískum rótum runnar. Mál þeirra var einnig í þitt nafn bjargar lífi 2017.

# FÓLKIÐ Á BAK VIÐ STARFIÐ

Íslandsdeildin er ein af fjölmörgum deildum Amnesty International en samtökin eru starfrækt í rúmlega 60 löndum. Starfsemi Íslandsdeildarinnar væri ekkert án fólksins en þar sitja nú sjö í stjórn, sjö ungmenni sitja í stjórn ungliðahreyfingarinnar og eru að jafnaði átta stöðugildi á skrifstofu deildarinnar.



## STJÓRN ÍSLANDSDEILDARINNAR 2023–2024

**Formaður**  
Eva Einarsdóttir

**Varaformaður**  
Claudia Ashonie Wilson

**Ritari**  
Helena Hafsteinsdóttir

**Gjaldkeri**  
Ólöf Salmon Guðmundsdóttir

**Meðstjórnandi**  
Harpa Pétursdóttir

**Varamenn**  
Albert Björn Lúðvígsson  
G. Pétur Matthíasson



## STJÓRN UNGLIÐA

**Formaður**  
Askur Hrafn Hannesson

**Meðstjórnendur**  
Freyja Gyðudóttir Gunnarsdóttir  
Íris Björk Ágústsdóttir  
Ísabella Lindudóttir  
Rúna Krossbrá Gunnhildardóttir  
Salvör Friðbertsdóttir  
Þórhildur Þorsteinsdóttir

## STARFSFÓLK ÁRSINS 2023

**Framkvæmdastjóri**  
Anna Lúðvíksdóttir

**Fjáröflunarstjóri**  
Sonja Huld Guðjónsdóttir  
(í fæðingarorlofi, lét af störfum í desember)

**Fræðslustjóri:**  
Vala Ósk Friðudóttir (í veikinda-  
leyfi í mars og apríl)

**Herferðastjóri:**  
Bryndís Bjarnadóttir

**Lögfræðingur:**  
Þórunn Pálína Jónsdóttir

**Rekstrarfulltrúi:**  
Anna Dóra Valsdóttir

**Ungliða- og aðgerðastjóri:**  
Árni Kristjánsson (í leyfi frá janúar  
til apríl)  
Pálmi Freyr Hauksson (afleysing  
frá janúar til apríl)

**Verkefnastjóri og fjáröflunar-  
stjóri:**  
Rúna Friðriksdóttir

**Bókhald:**  
Debet – endurskoðun og  
reikningsskil

## FÉLAGAR OG AÐGERÐASINNAR ÁRIÐ 2023

Árleg Vonarljós

426

Netákalls-félagar

20.560

Mánaðarleg Vonarljós

8.587

SMS-félagar

5.234

# VERKEFNI ÍSLANDS- DEILDARINNAR 2023

## EINANGRUNARVIST GÆSLUVARÐHALDSFANGA

Íslandsdeild Amnesty International gaf út skýrsluna „Waking up to nothing“: Harmful and unjustified use of pre-trial solitary confinement in Iceland“ þann 31. janúar 2023 um beitingu einangrunarvistar í gæsluvarðhaldi hér á landi. Af því tilefni kom lagaráðgjafi aðalstöðva samtakanna, Simon Crowther, til landsins snemma á árinu og veitti viðtöl í Kastljósi og fréttum ríkissjónvarpsins, ásamt því að sitja fundi með yfirvöldum. Fjölmiðlaumfjöllun um niðurstöður skýrslunnar var gífurlega mikil en rúmlega 50 greinar og viðtöl birtust á árinu í ýmsum miðlum.

Í apríl stóð Íslandsdeildin fyrir lokuðu málþingi í Þjóðminjasafninu. Þar mættu alls 50 hagaðilar og fimm einstaklingar frá mismunandi stofnunum og embættum hérlendis og héldu erindi ásamt þremur erlendum sérfræðingum sem komu til landsins í boði Íslandsdeildarinnar. Á málþinginu lýstu íslensk yfirvöld yfir skýrum vilja til að koma á nauðsynlegum breytingum á lögum og framkvæmd sem tryggja betur réttindi frelsissvipts fólks í einangrun í gæsluvarðhaldi. Íslensk stjórnvöld lýstu því sama yfir í svari til nefndar Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum í lok maí 2023.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar yfirlýsingu stjórnvalda um lagabreytingar, þó með þeim fyrirvara að ekki er ljóst hvenær og hversu umfangsmiklar þær verða í raun. Samkvæmt nýjum tölfræðiupplýsingum frá Fangelsismálastofnun yfir árið 2023 er einangrun í gæsluvarðhaldi enn beitt óhóflega. Samkvæmt sömu stofnun hafa einhverjar umbætur verið gerðar á aðbúnaði gæsluvarðhaldsfanga í einangrun á Hólmsheiði en Amnesty International á eftir að kanna hversu viðtækar þær eru í reynd.

Íslandsdeildin heldur þrýstingnum áfram þar til stjórnvöld standa við mannréttindaskuldbindingar sínar að fullu.



Gasbrunnar loga enn í Amazon-skógi í Ekvador. Mynd fengin frá UDAPT.



Starfsfólk Íslandsdeildar Amnesty International ásamt erlendum gestafyrirlesurum á málþingi í Þjóðminjasafninu.

## GASBRUNI Í EKVADOR

Í september stóð Íslandsdeild Amnesty International fyrir fjáröflunarherferð til styrktar verkefni Amnesty International á Ameríkusvæðinu. Verkefnið styður við níu stúlkur í Amazon-skóginum í Ekvador sem berjast fyrir hreinu, heilnæmu og sjálfbærnu umhverfi þar sem þær búa.

Ljósmyndir af börnum með grímur fyrir vitum sér voru sýnilegar víða hérlendis sem hluti af herferðinni, sem unnin var með auglýsingastofunni Kontor. Myndirnar vísuðu í skaðleg áhrif mengunar á heilsu fólks vegna olíuframleiðslu, sérstaklega barna. Markmið herferðarinnar var ekki eingöngu að afla fjár fyrir þetta tiltekna verkefni heldur einnig að vekja athygli á áhrifum loftslagsbreytinga á mannréttindi með því að sýna mikilvægi þess að lönd hætti notkun og framleiðslu jarðefnaeldsneytis eins fljótt og hægt er.

Amnesty International á Ameríkusvæðinu stendur fyrir stóru verkefni næstu árin sem styður stúlkurnar níu á Amazon-svæðinu úr samfélagi frumbyggja í Ekvador sem höfðuðu mál gegn stjórnvöldum í Ekvador. Þær kröfðust lögbanis á gasbruna í nágrenni þeirra á grundvelli rannsóknar sem sýndi aukna tíðni krabbameins. Gasbruni er notaður við olíuvinnslu til að brenna jarðgas sem er aukaafurð

vinnslunnar. Í Amazon-skóginum í Ekvador eru 447 gaseldar sem brenna allan sólarhringinn, allan ársins hring. Þeir hafa brunnið áratugum saman á Amazon-svæðinu með tilheyrandi skaða fyrir umhverfið og heilsu fólks. Þeim fylgir einnig mikil losun gróðurhúsalofttegunda sem veldur loftslagsbreytingum.

Verkefni Amnesty International á Ameríkuvæðinu felur m.a. í sér frekari rannsóknir á áhrifum gasbruna á heilsu fólks og umhverfið. Einnig verður lögð áhersla á vitundarvakningu og herferðir, innanlands sem utan, til að þrýsta á stjórnvöld í Ekvador. Þau framlög sem söfnuðust hér á landi runnu óskert í verkefnið. Á næstunni mun herferð í tengslum við verkefnið úti hefjast í Ekvador og mun þá Íslandsdeildin halda áfram að safna framlögum.

## TJÁNINGARFRELSI

Á síðasta ári fóru aðalstöðvar Amnesty International þess á leit við Íslandsdeild samtakanna að lögð yrði áhersla á þrjú lönd í lykilherferð samtakanna um tjáningarfrelsið. Um var að ræða Íran, Tæland og Níkaragva en Íslandsdeildin ákvað að taka einnig upp mál frá Venesúela. Efni frá aðalstöðvunum um viðkomandi ríki tengt brotum á tjáningar- og samkomufrelsi var þýtt og staðfært, bæði fyrir fréttir á heimasíðu, fjölmiðla, netákall og sms-netið. Alls voru birt 36 áköll og fréttir og lobbibréf send á íslensk stjórnvöld í tengslum við herferðina, flest um brot gegn mótmælendum í Íran vegna frelsisuppreisnar kvenna og gegn börnum í Tælandi sem og áskorun á íslensk stjórnvöld að vekja almennt athygli á stöðu mannréttindamála í Tælandi.

Frétt um kúgun og kerfisbundin mannréttindabrot í Níkaragva var send út í maí og frétt og netákall vegna ranglega fangelsaðra einstaklinga í Venesúela í ágúst.

Þá var fréttatilkynning send á fjölmiðla og sett á heimasíðu í tengslum við kröfur samtakanna um gerð alþjóðlegs samnings um viðskipti með vörur sem hægt er að nota til pyndinga eða annarrar illrar meðferðar við mótmæli. Deildin sendi einnig bréf til utanríkisráðherra vegna málsins og ungliðar stöðu fyrir aðgerð í júní þar sem vakin var athygli á mikilvægi samningsins.

Þar sem nokkur lönd voru tekin fyrir í herferð um tjáningarfrelsið voru málin mörg og ólík þó að þau tengdust öll brotum gegn mótmælendum.



**Hin 22 ára Panusaya Rung frá Tælandi sem var í fararbroddi mótmæla í heimalandi sínu.**



**Fulltrúar Íslandsdeildar Amnesty International, Anna Lúðvíksdóttir framkvæmdastjóri og Þórunn Pálína Jónsdóttir lögfræðingur, kynntu félags- og vinnumarkaðsráðherra, Guðmundi Inga Guðbrandssyni, Bakhjarlaverkefnið. Vildi svo til að það var á jólafatadegi í desember.**

## BAKHJARLAR FLÓTTAFÓLKS

Vinna við verkefnið Bakhjarlar flóttafólks (e. Community Sponsorship) hélt áfram á árinu en kjarni hugmyndarinnar að baki verkefninu er að almennir borgarar, hópar eða samfélög gerist bakhjarlar og stuðningsaðilar flóttafólks í eigin landi í eitt til tvö ár eftir komu þess til landsins. Flóttafólkið hefur þá flest verið skrásett í flóttamannabúðum Sameinuðu þjóðanna og fengið viðurkennda stöðu sem slíkt.

Í stað þess að ríkið haldi alfarið utan um endurbúsetu flóttafólksins í þriðja landi koma sjálfboðaliðar, einkaaðilar eða samtök að ferlinu með því að leggja fram fjárhags-, sálræna, hagnýta og annars konar aðstoð við að auðvelda móttöku og aðlögun flóttafólksins að samfélaginu. Þó að Bakhjarlar flóttafólks leysi ekki ábyrgð stjórnvalda af hólmi hefur nálgunin leitt af sér jákvæða þróun þar sem hún hefur verið tekin upp.

Í nóvember 2023 fór verkefnastjóri verkefnisins hjá Íslandsdeild Amnesty International á þriggja daga ráðstefnu í Lissabon á vegum Amnesty International og GRSI (e. Global Refugee Sponsorship Initiative) þar sem yfir 120 fulltrúar frá 23 ríkjum komu saman og miðluðu af reynslu sinni af bakhjarlaverkefnum sinna ríkja. Það var samdóma álit þeirra að nálgun bakhjarla hefði dregið úr félagslegri einangrun, fordómum og útlendingahatri, styrkt samfélagsgerðina og stuðlað að árangursríkri inngildingunni flóttafólks. Í desember kynntu fulltrúar Íslandsdeildar Amnesty International hugmyndafræði bakhjarlaverkefnisins fyrir félags- og vinnumarkaðsráðherra, Guðmundi Inga Guðbrandssyni, og starfsfólki hans. Ráðherra sýndi verkefninu áhuga og hvatti fulltrúana til að kynna það betur fyrir vinnuhópi ráðuneytisins sem vinnur að heildarstefnu um málefni innflytjenda og flóttafólks. Ráðherra ræddi möguleika á að setja á laggirnar tilraunaverkefni á Íslandi byggt á hugmyndafræði bakhjarla.



Fólk flýr Gaza-borg í kjölfar loftárásar Ísraels þann 9. október 2023. Mynd AFP

beinist eingöngu að hernaðarlegum skotmörkum en í mörgum tilfellum fann Amnesty International engar sannanir fyrir því að meðlimir vopnaðra hópa eða hernaðarleg skotmörk væru í nágrenni við sprengingarnar sem um ræðir í þessum tilteknu árásum.

Þann 7. október sprengdi Ísraelsher þriggja hæða íbúðabyggingu þar sem þrjár kynslóðir al-Dos-fjölskyldunnar bjuggu. 15 fjölskyldumeðlimir létust, þar af sjö börn.

Þann 10. október drap Ísraelsher 12 meðlimi Hijazi-fjölskyldunnar og fjóra nágrenna þeirra. Þrjú börn voru á meðal hinna látnu. Ísraelsher sagði að skotið hefði verið á skotmörk Hamas en gaf engar frekari upplýsingar eða sannanir fyrir því.

### ÓFULLNÆGJANDI VIÐVARANIR:

Einnig kom í ljós að Ísraelsher leitaði ekki allra leiða til að vernda palestínska óbreytta borgara í árásum, þar á meðal með því að gefa ekki út tilhlýðilegar viðvaranir. Í sumum tilvikum fengu óbreyttir borgarar engar viðvaranir og í öðrum tilvikum voru þær ekki fullnægjandi.

Amnesty International hefur fundið margar vísbendingar um stríðsglæpi, þar á meðal hóprefsingar, handahófskenndar árásir og beinar árásir á borgaraleg svæði. Árásir af ásettu ráði á óbreytta borgara og handahófskenndar og ónákvæmar árásir sem skaða og drepa óbreytta borgara eru stríðsglæpir.

### ALÞJÓÐASAMFÉLAGIÐ

Alþjóðasamfélagið hefur sett sér sameiginlegar reglur og samþykkt að þessar reglur megi ekki brjóta. Sama hversu mikið liggur við, sama hver sagan er, sama hvert samhengið er og sama hver á í hlut.

Amnesty International kallar eftir því að leiðtogar þessa heims leggi sitt af mörkum til þess að alþjóðasamfélagið kalli eftir vopnahléi.

Leiðtogar heimsins, alþjóðasamfélagið: Það er komið að ykkur! Fordæmið aðgerðir Ísraels sem brjóta í bága við skuldbindingar þeirra samkvæmt alþjóðalögum. Vopnahlé strax!

*Greinin er byggð á ræðu sem framkvæmdastjóri deildarinnar hélt á samstöðufundi með Palestínu þann 5. nóvember 2023.*

# ÍSRAEL OG PALESTÍNA

Rannsóknarstarf Amnesty International er gríðarlega öflugt og mikilvægt tæki í mannréttindabaráttunni, hver skýrsla, greinargerð og frétt er byggð á viðamikilli gagnaöflun. Gagnaöflunin getur t.d. falið í sér vettvangs- og fjarrannsóknir og skrásetningu vitnisburða frá fyrstu hendi og söfnun sönnunargagna um brot á alþjóðlegum mannréttindalögum. Starfsfólk tækni- og rannsóknar-

stofu Amnesty International (e. Crisis Evidence Lab) framkvæmir einnig staf-rænar rannsóknir, sannreynir og greinir ljósmynda- og myndbandsefni um hugsanleg brot og notar einnig gervihnattamyndir. Hjá samtökunum starfa vopnasérfræðingar sem greina og fara yfir efni sem tengist tegund vopna sem notuð eru við tiltekna árásir. Í tengslum við átökin í Ísrael og á hernumdu svæðunum í Palestínu hafa flestar ef ekki allar þessara aðferða verið notaðar ásamt því að fara yfir viðeigandi skýrslur og yfirlýsingar Ísraelstjórnar og herforingja og palestínskra yfirvalda. Starfsfólk Amnesty International ræddi einnig við fulltrúa palestínskra, ísraelskra og alþjóðlegra frjálsra félagasamtaka og viðeigandi stofnana Sameinuðu þjóðanna, lögfræðinga, blaðamenn og utanaðkomandi sérfræðinga í alþjóðalögum.

### RANNSÓKN AMNESTY INTERNATIONAL

Í rannsókn Amnesty International frá haustinu 2023 var rætt við eftirlifendur og vitni að árásum, gervitunglamyndir voru greindar og ljósmyndir og myndbönd sannreynð til að skrásetja loftárásir Ísraels á tímabilinu 7.-12. október.

Þessar árásir eru aðeins toppurinn á ísjakanum en í 16 ár hefur ólöglegt herkví Ísraels á Gaza gert svæðið að stærsta fangelsi heims undir berum himni.

Ísraelsher staðhæfir að árásir þeirra



### ÍRAN

Kambiz Kharout og Ebrahim Narouie, tveir karmenn úr minnihlutahópi, voru sakfelldir og dæmdir til dauða í tengslum við mótmæli árið 2022. Hæstiréttur sneri við sakfellingu þeirra og felldi dauðadóm úr gildi. Þeir voru leystir úr haldi gegn tryggingu í september og október 2023. Írönsk yfirvöld hafa á árinu 2023 beitt dauðarefsingunni sem kúgunartóli til að bæla niður mótmæli.



# MANNRÉTTINDAYFIRLÝSINGIN 75 ÁRA

Árið 2023 voru liðin 75 ár frá því að Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt. Hún var skrifuð og samþykkt eftir að rykið settist eftir seinni heimsstyrjöldina og uppbyggingin rétt að hefjast. Heimurinn hafði aldrei séð og upplifað slíkar hörmungar, svona úthugsuð, nákvæm og víðfeðm illvirki. Grimmdarverk seinni heimsstyrjaldarinnar sýndu svo bersýnilega að virðing fyrir mannréttindum og mannlegri reisn var langt frá því að vera algild og breytinga var þörf. Heimurinn þurfti áminningu um að sérhver manneskja er borin frjáls og jöfn öðrum að virðingu og réttindum.

Aðalhvati og drifkraftur að gerð yfirlýsingarinnar var Eleanor Roosevelt, fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna. Hún bjó yfir djúpstæðum skilningi á því að allar manneskjur fæðast jafnar með sömu grundvallarréttindi. Þarna var á ferð stórmerkileg, framsýn hugsjónakona sem lét verkin tala.

Aftek hennar á lífsleiðinni voru margvísleg en aðkoma hennar að gerð mannréttindayfirlýsingarinnar má sannarlega teljast stórvirki.

Fulltrúar 50 ríkja Sameinuðu þjóðanna komu saman undir stjórn Eleanor og ákváðu hvaða réttindi það eru sem við fæðumst öll með og eru algild og órjúfanleg. Þann 10. desember 1948 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að þessi réttindi væru okkur öllum til handa. Í ræðu sinni hjá Sameinuðu þjóðunum árið 1958 spurði Roosevelt: „Þegar allt kemur til alls, hvar byrja almenn mannréttindi? Þau byrja á litlum stöðum, nálægt heimilinu – svo nálægt og á svo litlum stöðum að þeir eru ekki merktir á heimskortin. Samt eru þau allur heimur einstaklingsins.“ Spurningin og svarið sem fylgdi á eftir kjarnar mikilvægi þess að virðing sé borin fyrir réttindum hverrar manneskju í öllu daglegu lífi hennar því þau eru grunnurinn að mannlegri reisn hennar.

Mannréttindayfirlýsingin er undirstaða helstu alþjóðlegra mannréttinda-



**Mannréttindayfirlýsingin er undirstaða helstu alþjóðlegra mannréttindasamninga.**

samninga og þar er kveðið á um bæði borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi eins og um að allir eigi rétt til lífs, frelsis og mannhelgi sem og að allir eigi rétt á að leita og njóta gríðlands erlendis gegn ofsóknum. Hún kveður einnig á um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi eins og að allir eigi rétt á viðunandi lífskjörum, þar á meðal rétt til matar og húsnæðis, og að allir eigi rétt á hvíld og afþreyingu. Í yfirlýsingunni kemur skýrt fram að við öll eigum jafnt tilkall til þessara réttinda án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

Heimurinn stendur frammi fyrir grimmdarverkum. Hvort sem það er fyrir botni Miðjarðarhafs, geðþótta-

handtökur og pyndingar í nafni öryggis eða miskunnarlaus beiting dauðarefsingarinnar víða um heim sjáum við vaxandi ójöfnuð, skautun í málefnum sem varða réttindi viðkvæmustu hópanna, tjáningarfrelsið fótum troðið jafnvel í löndum sem við höfum borið okkur saman við og skelfilegar afleiðingar loftslagsbreytinga sem leggjast þyngst á fátækari ríki og samfélög. Í skugga þessa fagnaði Amnesty International tímamótunum í Borgarleikhúsinu og þeim innblæstri sem mannréttindayfirlýsingin er nú og fyrir komandi kynslóðir. Hún er vonarljós um betri heim, hluti af samtímamenningu okkar og reglum. Heimur án þessa samkomulags og laga sem frá yfirlýsingunni koma væri heimur án sanngirni, án vonar.

# AÐGERÐASTARF, UNGLIÐAHREYFINGIN OG MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA

## AÐGERÐASTARF

Árið 2023 fór aðgerðastarf Íslandsdeildar Amnesty International fram í gegnum netákall, sms-aðgerðanet, með þátttöku í Pitt nafn bjargar lífi og þátttöku í starfi ungliða-hreyfingar og aðgerðasinna. Með þessum mismunandi aðgerðaformum tekst deildinni að ná til fjölda fólks, félaga og almennings í þeim tilgangi að uppfærða, efla og hvetja til þátttöku í baráttunni fyrir mannréttindum.

Í lok árs 2023 voru félagar í netákalli **20.426** talsins og gripu þeir til aðgerða í **26** málum á árinu, **36.241** undirskrift safnaðist sem send var stjórnvöldum víða um heim.

## UNGLIÐAHREYFINGIN

Starf ungliðahreyfingarinnar hefur breyst í takt við alþjóðlega stefnu Amnesty International um ungliðastarf 2022–2025 og er ríkari áhersla á valdeflingu ungs fólks. Í júní var haldin mannréttindasmiðja fyrir ungt fólk á aldrinum 15–18 ára, þar sem ungliðarnir Askur Hrafn Gunnarsson og Íris Björk Ágústsdóttir voru meðal leiðbeinenda.

Norrænt samstarf ungliðahreyfingarinnar tók líka töluverðum breytingum og hefur nú verið stofnað norrænt ráð ungs fólks.

Fyrri talning á skráðum félögum í ungliðahreyfingunni var byggð á Facebook-hópi sem nú hefur verið lagður niður vegna lítillar svörunar. Ungliðar á póstlista ungliðastjóra eru **44** talsins. Alls stóð ungliðahreyfingin fyrir og tók þátt í **16** aðgerðum, viðburðum og erlendum fundum.

## MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA

Fræðsluárið 2023 heppnaðist vel og stóð helst upp úr góð ferð á Vestfirði í september þar sem haldnar voru **12** fræðslur í sjö bæjum fyrir **221** einstakling. Þá hélt Íslandsdeildin fjóra fræðslufundi um mannréttindi á skrifstofu samtakanna undir yfirskriftinni Hádegishlé þar sem sérfræðingar fjölluðu um ýmis mannréttindapæmu.



Ungliðar tóku þátt í gleðigöngu hinsegin daga.

Í heildina voru haldin **84** fræðsluerindi á árinu fyrir **2418** einstaklinga. Flest erindin fóru fram í grunn- og framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu en einnig heimsóttu fræðslustjóri og ungliða- og aðgerðastjóri skóla á Norðurlandi, Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum. Þá voru haldnir fræðslufundir í einstaka fyrirtækjum og fyrir starfsfólk Takk ehf. sem sér um féлагаöflun fyrir samtökin.

Enn var bætt í safn netnámskeiða á íslensku um mannréttindi á árinu. Að þessu sinni var það námskeiðið **HVAÐ ERU MANNRÉTTINDI?** sem kom út í lok september. Námskeiðin er hægt að nálgast á vefsíðunni <https://amnesty.org/learn>.

Ekki var gefið út kennsluefni samhliða herferðinni Pitt nafn bjargar lífi að þessu sinni.



Árni ungliðastjóri og Vala fræðslustjóri kíktu í heimsókn í Menntaskóla Borgarfjarðar í október.



Þátttakendur mannréttindasmiðjunnar tóku þátt í aðgerð fyrir framan Alþingishúsið til að vekja athygli á ákalli um að stöðva misbeitingu á löggæsluvopnum.

# ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

Íslandsdeildin stóð fyrir vel heppnuðum listrænum gjörningi í Kringlunni til að vekja athygli á málum tíu einstaklinga og hópa sem flestir hafa verið sviptir frelsi sínu með einum eða öðrum hætti. Sérsmíðuðu fangelsi var komið fyrir á sviði þar sem söngkonan Elín Ey flutti eigin útgáfu af lagi um frelsið eftir Hjálma og listahópur ungs fólks frá Menntaskólanum við Hamrahlíð stóð fyrir gjörningi þar sem fangelsið var tekið í sundur með táknrænum hætti. Á meðan á viðburðinum stóð söfnuðu ungliðar og starfsfólk alls **1.000** undirskriftum. Fólki var einnig boðið að skrifa undir málin tíu þann 10. desember að loknum leiklestri í Borgarleikhúsinu.

Fyrir nokkrum árum skapaðist hefð fyrir því að fá listamann til samstarfs við deildina til að mála mynd af einum þolanda í Pitt nafn bjargar lífi á vegg Kaffi Vest og var engin undan-tekning á því árið 2023.

Listakonan Julia Mai málaði fallett listaverk af Justynu Wyrzyńska á vegg kaffihússins sem stendur enn.

Heildarfjöldi undirskrifta sem söfnuðust á aðgerðakort, í sms-aðgerðaneti, netákalli og á vefsíðu herferðarinnar var **50.190**, sem eru **13%** færri undirskriftir en árið 2022, og á vefsíðunni einni saman söfnuðust **43.710**, sem er **87%** af þeim árangri sem stefnt var að en sömuleiðis slakari árangur en sá sem náðist á síðasta ári þegar deildin náði **105%** af settu marki.

Flestar undirskriftir söfnuðust fyrir mál Justynu Wyrzyńska frá Póllandi og Ritu Karasartova frá Kirgistan.

Undirskriftasöfnun á aðgerðakort var haldin á **11** stöðum á landinu og var slegið met í söfnuninni á Egilsstöðum þar sem skrifað var undir rúmlega **1.000** kort. Ragnhildur Rós Indriðadóttir hefur haft veg og vanda af undirskriftasöfnuninni á Egilsstöðum í tæpan áratug og kann deildin henni sérstakar þakkir fyrir að hafa staðið vaktina svo lengi og ótullega.

Alls söfnuðust **6.462** undirskriftir á aðgerðakort, sem er töluvert meira en á síðasta ári.

Háteigsskóli og Alþjóðaskólinn virkjuðu fjölda grunnskólana til þátttöku eins og fyrri ár en alls safnaðist **3.051** undirskrift frá þessum tveimur skólum.

Þá var staðið að **22** fræðslum í herferðinni í framhaldsskólum fyrir **1.139** nemendur, sem skilaði alls tæplega **8.000** undirskriftum frá framhaldsskólanemum.



Undirskriftasöfnun fyrir Pitt nafn bjargar lífi í Borgarleikhúsinu 10. desember 2023.



Nemendur við Menntaskólann við Hamrahlíð stóðu fyrir gjörningi í Kringlunni þar sem rimlar fangelsis voru teknir niður á táknrænan hátt.



Mikill fjöldi nemenda sótti kynningu á herferðinni Pitt nafn bjargar lífi í Framhaldsskólanum á Laugum.

# ÁLYKTANIR OG YFIRLÝSINGAR STJÓRNAR Á ÁRINU

Stjórn Íslandsdeildar Amnesty International sendi frá sér tvær yfirlýsingar á árinu og vörðuðu þær báðar málefni fólks á flótta.

## YFIRLÝSING VEGNA ÁKVÖRÐUNAR YFIRVALDA UM AÐ BROTTVÍSA BÖRNUM TIL GRIKKLANDS

Í desember sendi deildin frá sér yfirlýsingu og lýsti þungum áhyggjum af að íslensk yfirvöld taka ítrekað umsóknir um alþjóðlega vernd ekki til efnislegrar meðferðar og senda þess í stað umsækjendur til Grikklands. Aðbúnaður flóttafólks í Grikklandi hefur m.a. verið gagnrýndur af Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Amnesty International og Mannréttindavaktinni (e. *Human Rights Watch*).

Þá var bent á mikilvægi þess að taka sérstaklega tillit til stöðu og þarfa barna við mat á umsóknum um alþjóðlega vernd. Staða barna í neyð og á flótta er sérstaklega viðkvæm. Í 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir enn fremur að þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang. Stjórnvöld eiga að tryggja að hagsmunir barna séu ávallt

hafðir að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur.

Þá var einnig bent á að ekki má flytja barn sem sótt hefur um alþjóðlega vernd til viðtökuríkis ef veigamikil rök standa til þess að raunveruleg hættu sé á að það sæti þar eða við flutninginn ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð.

Að lokum voru stjórnvöld hvött til að endurskoða stranga stefnu sína um að taka ekki til efnislegrar meðferðar mál einstaklinga í sérstaklega viðkvæmri stöðu, og þá sérstaklega barna, sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi ef þeim hefur verið veitt hún í Grikklandi.

## SAMEIGINLEG YFIRLÝSING 23 FÉLAGASAMTAKA VEGNA ÞEIRRAR ALVARLEGU STÖÐU SEM KOM UPP Í MÁLEFNUM FÓLKS Á FLÓTTA SEM VAR VÍSAÐ ÚR ALLRI ÞJÓNUSTU OPINBERRA AÐILA Á ÍSLANDI

Í yfirlýsingunni er harmað að ekki skuli hafa verið tekið tillit til ítrekaðra varnaðarorða varðandi afleiðingar nýrra lagaákvæða um þjónustusviptingu þessa hóps. Þá leikur mikill vafi á að framkvæmdin standist þær mannréttindaskuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist.

Margt sem ráðamenn hafa sagt í

þessari umræðu er villandi, óljóst og byggt á skorti á upplýsingum um raunverulega stöðu fólksins.

Samtökin skora á yfirvöld að tryggja öryggi þessa hóps, mannréttindi og grunnaðstoð með virku samráði við hjálpar- og mannréttindasamtök.



### ÍRAN

Zahra Sedighi-Hamadani var dæmd til dauða árið 2022 fyrir að styðja hinsegin réttindi. Amnesty International kallaði eftir lausn hennar og eftir rúmt ár í fangelsi var hún að lokum leyst úr haldi. Mál hennar var í sms-aðgerðaneti Íslandsdeildarinnar.



### SIMBABVE

Cecillia Chimbiri og Joanah Mamombe voru sýknaðar af ákæru um sviðsetningu mannráns í júní. Þær voru handteknar og numdar á brott í kjölfar mótmæla árið 2020. Mál þeirra var í okkar árlegu herferð, Þitt nafn bjargar lífi, 2022. „Mér er svo létt og ég þakka ykkur fyrir stórkostlega herferð. Ég stand í ævarandi þakkarskuld við ykkur.“ Cecillia Chimbiri.

# ÞRÝSTINGUR Á STJÓRNVÖLD, FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI

## ÞRÝSTINGUR Á STJÓRNVÖLD

Sjaldan eða aldrei hafa jafnmörg bréf með áskorunum og hvatningu verið send á íslensk stjórnvöld þar sem skorað var á þau að setja ákveðin mannréttindamál í forgrunn hér heima sem og á alþjóðavettvangi. Ellefu umsagnir við drög að frumvörpum voru sendar inn til stjórnvalda á árinu. Deildin lýsir yfir áhyggjum sínum af því hve mörg drög að frumvörpum kalla eftir viðbrögðum deildarinnar og nýtir því tækifærið hér til þess að minna á hve mikilvægt það er að standa vörð um mannréttindi hér á landi eins og annars staðar.

## ÍSLANDSDEILDIN:

- ▶ Sendi fjölmörg bréf til stjórnvalda er varðaði niðurstöður skýrslu um einangrunarvist fanga í gæsluvarðhaldi og kallaði eftir viðbrögðum hlutaðeigandi aðila. Sjá nánar umfjöllun á bls. 6.
- ▶ Studdi tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu með umsögn inni á samráðsgátt stjórnvalda.
- ▶ Sendi dómsmálaráðherra yfirlýsingu vegna fyrirhugaðrar upptöku á notkun rafbyssu af hálfu lögreglu.
- ▶ Gagnrýndi frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum er varðaði forvirkar rannsóknarheimildir.
- ▶ Hvatti utanríkisráðherra til að beita sér fyrir mannréttindamálum í viðræðum við tælensk stjórnvöld og þá sérstaklega er varðar herferð gegn börnum og ungum aðgerðasinnum.
- ▶ Sendi utanríkisráðherra ákall og tillögur Amnesty International vegna leiðtogafundar Evrópuráðsins.
- ▶ Hvatti utanríkisráðherra til að styðja við samning um viðskipti með vörur sem hægt er að nota til pyndinga eða annarrar illrar meðferðar.
- ▶ Fagnaði frumvarpi um Mannréttindastofnun Íslands með umsögn inni á samráðsgátt stjórnvalda og með umsögn til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.
- ▶ Gagnrýndi drög að reglugerð um útlendinga inni á samráðsgátt stjórnvalda og þá sérstaklega þrengingu á réttindum varðandi mannúðarleyfi og benti á skyldur ríkisins gagnvart alþjóðaskuldbindingum.
- ▶ Skoraði á dómsmálaráðherra og ríkislögreglustjóra að skýra verkferla lögreglu og viðbrögð vegna mótmæla gegn hvalveiðum.
- ▶ Skoraði á utanríkisráðherra að styðja við framlengingu umboðs alþjóðanefndar mannréttindasérfræðinga um Eþíópíu á 54. fundi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.
- ▶ Studdi frumvarp um breytingu á lögum um útlendinga um afnám þjónustusviptingar.
- ▶ Lýsti yfir áhyggjum af áformum dómsmálaráðherra um breytingar á útlendingalögum sem skerða réttindi og boðaðar voru á samráðsgátt stjórnvalda.

- ▶ Sendi utanríkisráðherra upplýsingar um ákall aðalfrankvæmdastjóra Amnesty International til forseta Evrópuráðsins og þjóðarleiðtoga ESB vegna ástandsins á Gaza og hvatningu til að beita þrýstingi.
- ▶ Sendi forsætis- og utanríkisráðherrum ákall um að þrýsta á alþjóðasamfélagið til að krefjast tafarlauss vopnahlés á Gaza og afhenti þeim 6.944 undirskriftir. Síðar afhenti deildin ráðherrum uppfærðan undirskriftalista með 11.733 undirskriftum.
- ▶ Studdi frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nafnbreyting og skilríki).
- ▶ Studdi frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum er varðaði samfélagsþjónustu ungra brotamanna.
- ▶ Afhenti sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi bréf Amnesty International um afstöðu Bandaríkjanna til átakanna á Gaza. Fulltrúar deildarinnar funduðu einnig með sendierindreka sendiráðsins um efni bréfsins.
- ▶ Studdi frumvarp um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og fullgildingun hans.
- ▶ Hvatti forsætis- og utanríkisráðherra til að styðja við beiðni margra ríkja um fund á grundvelli 4. Genfarsáttmála í tengslum við átökin á Gaza.
- ▶ Hvatti forsætis- og utanríkisráðherra til að ljá ályktun um tafarlaust mannúðarvopnahlé á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna atkvæði sitt.
- ▶ Hvatti félags- og vinnumarkaðsráðherra til að setja á laggirnar vinnuhóp í því augnamiði að setja af stað fyrsta tilraunaverkefni Bakhjarla flóttafólks á Íslandi.

## FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI

Deildin nýtir samfélagsmiðla nánast daglega til að miðla upplýsingum til almennings og náðum við til enn fleira fólks árið 2023 en áður. Árið 2023 sáu **340 þúsund** notendur efni frá okkur a.m.k. einu sinni yfir árið en höfðu verið **250 þúsund** árið áður.

Á Facebook eru fylgjendur **20.247**, voru **21.211** árið 2022, og fylgjendum á Instagram fer enn fjölgandi og eru þeir nú **2.597** miðað við **1.967** árið 2022 og **1.444** árið 2021.

# FJÁRÖFLUN

## VONARLJÓSA

Samstarfið við Takk ehf. og öflun mánaðarlegra styrktaraðila, Vonarljósa, ásamt rekstri styrktaraðila gekk vel á árinu. **1.072** aðilar bættust í hópinn, þar af **400** í gegnum götुकyningar. En heildarfjöldi nýrra mánaðarlegra styrktaraðila árið áður nam **879** einstaklingum. Meðalframlag nýrra styrktaraðila heldur áfram að hækka og er nú um **2.000 kr.** en var **1.876 kr.** árið áður. Tekjur á ársgrundvelli frá nýjum Vonarljósum eru því um **25,7 milljónir** en voru **19,8 milljónir** árið áður.

**65 nýir** mánaðarlegir styrktaraðilar komu í gegnum vefsíðuna, voru **52** árið áður, og greiða **1,8 milljónir** á ársgrundvelli miðað við **1,2 milljónir** árið áður.

## STAKIR STYRKIR

Samhliða úthringiverkefnum á vegum Takk ehf. hélt samstarfið við Símsstöðina áfram og söfnuðust um níu milljónir en

kostnaður við fjáröflunina var um **4,5 milljónir**. Tekjur árið áður voru mun hærri eða um **20 milljónir**.

Stakir styrkir af vefsíðu námu **788.000 kr.** en voru **433.500 kr.** árið áður.

## SMS-AÐGERÐANETIÐ

Árstekjur úr sms-aðgerðanetinu voru **38,6 milljónir** og vill Íslandsdeildin þakka Símanum kærlega fyrir stuðninginn við þessa einstöku aðgerða- og fjáröflunarleið.

## VÖRUSALA

Íslandsdeildin seldi vörur til styrktar starfinu fyrir **5,6 milljónir** á árinu. Haldin var uppákoma vegna komu FYRIR AMNESTY-sokkana til landsins í versluninni Andr á Reykjavík aftur í ár og seldust yfir **100 pör** á þeim viðburði. Megan Auður sigraði í hönnunarsamkeppni sem Íslandsdeild Amnesty International hélt í samvinnu við Lista-háskóla Íslands og sokkarnir voru fram-

leiddir í Portúgal líkt og áður. Í ár gekk sokkasalan frammar vonum og jókst frá í fyrra.

Framleidd voru **3.000 pör** í ár, tvöfalt fleiri en árin áður vegna þess að lager af eldri sokkum kláraðist og gert var ráð fyrir meiri sölu í ár. Seld voru í kringum **1.700 pör** og heildartekjur námu um **5,2 milljónum** en höfðu verið fjórar milljónir árið áður. Þrátt fyrir tvöföldun í framleiðslu var kostnaðurinn við sokkasölu **1,6 milljónir**, var **1,3 milljónir** árið áður. Sparað var í auglýsingum milli ára.

Eldri jólakort voru seld á vefsíðunni, ásamt myndavélahlum, nælum, merkimiðum, bókum, litabókum og tautöskum. Heildartekjur af sölu á vefsíðunni námu um **1,35 milljónum** en voru **1,38 milljónir** árið áður. Á árinu hélt Leiklestrarfélagið tvo leiklestra í fjáröflunarskygni fyrir Íslandsdeild Amnesty International. Leiklestrararnir fóru fram í Borgarleikhúsinu og var sá fyrri, 15. apríl, lestur á verkinu „Beðið eftir Godot“ eftir Samuel Beckett og sá síðari, 10. desember, lestur á verkinu „Allir þeir er við falli er búið“ eftir sama höfund. Samtals söfnuðust **277.500 kr.**

# MYNDIR ÚR STARFINU



# HELSTU TEKJUR OG GJÖLD

## TEKJUR

Styrkir og framlög félagsmanna	150.089.264
Baukar og frjáls framlög án hvatningar	466.437
SMS net	39.242.643
Sokkasala (með afskriftum)	4.390.216
Jóla kort	44.800
Annar söluvarningur	312.844
Einstakir fjáröflunarviðburðir	277.500
<b>Samtals</b>	<b>194.823.704</b>
Vaxtatekjur	10.122.402
<b>Samtals</b>	<b>204.946.106</b>

## ÚTGJÖLD

Fjáröflunarkostnaður	62.892.526
Alþjóða- og mannréttindastarf	93.857.649
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	46.001.230
<b>Samtals</b>	<b>202.751.405</b>

# TAKTU ÞÁTT

## Í STARFI ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL



### VONARLIÓS

Besta leiðin til að styrkja starfið er að gerast Vonarljós. Greitt er mánaðarlega.



### STAKUR STYRKUR

Með gjöf þinni styður þú við mannréttinda-baráttu Amnesty International.



### SMS-ÁKALL

Þú færð send 3 áköll á mánuði greiðir 299 kr fyrir hvert SMS móttekið. Þú skrifar undir með að svara.



### NETÁKALL

Vertu með í netákallinu og þú færð tölvupóst um alvarleg mannréttindarbrot sem krefjast tafarlausra viðbragða.



### VEFVERSLUN

Með vörukaupum úr Amnesty-búðinni styrkir þú allt mannréttindastarf Íslandsdeildarinnar.



### AÐGERÐASTARF

Þú getur tekið þátt í skipulagningu aðgerða og viðburða, gerst Amnesty fræðari eða skráð þig í ungliðahreyfinguna.

**Allt starf Amnesty International er fjármagnað og drifið áfram af einstaklingum eins og þér!**